

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

272. FUNDUR.

272. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 9. júní 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Sigríður Elva Ársælsdóttir, varamaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður og Gunnar Þorgeirsson, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Oddviti setti fund og óskaði eftir að fá að taka á dagskrá undir 8. dagskrárlið fundargerð 140. fundar landbúnaðarráðs og kjörskrá vegna forsetakosninga 25. júní 2016 undir 9. dagskrárlið. Samþykkt með 7 atkvæðum.

1. Kosning í byggðarráð Húnaþings vestra.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Byggðaráð til eins árs, aðalmenn:

Elín Jóna Rósinberg (N), formaður
Unnur Valborg Hilmarsdóttir (N), varaformaður
Elín R. Líndal (B)

Byggðaráð til eins árs, varamenn

Sigurbjörg Jóhannesdóttir (N)
Gunnar Þorgeirsson (N)
Ingimar Sigurðsson (B)
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

2. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 905. fundar frá 17. maí sl. Fundargerð í 12 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

Fundargerð 906. fundar frá 30. maí sl. Fundargerð í 16. liðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 8. dagskrárlið „Sveitarstjórn samþykkir tillögu byggðarráðs um úthlutunarreglur Húnasjóðs“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 907. fundar frá 6. júní sl. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 269. fundar frá 2. júní sl. Fundargerð í 11 liðum.

1. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
2. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
3. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
4. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
5. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
7. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
8. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
9. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.
10. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir vék af fundi við umræður og afgreiðslu 10. liðar vegna vanhæfis.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 171. fundar frá 25. maí sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 173. fundar frá 1. júní. sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerð ungmennaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 37. fundar frá 7. júní sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Sumarfrí sveitarstjórnar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn samþykkir sumarfrí sveitarstjórnar í júlí og ágúst. Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verður 8. september nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Fundargerð Landbúnaðarráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 140. fundar frá 8. júní sl. Fundargerð í 2 liðum. Borin fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu 1. dagskrárliðar, breytingar á fjallskilasamþykkt“. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Kjörskrá vegna forsetakosninga 25. júní 2016.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða

kjörskrá vegna forsetakosninga þann 25. júní 2016. Á kjörskrá eru 883 einstaklingar. Sveitarstjórn felur oddvita áritun hennar og framlagningu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:50

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Valdimar Gunnlaugsson.

Sigríður Elva Ársælsdóttir

Ingimar Sigurðsson

Gunnar Þorgeirsson

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri